

svæðisins sé grasflötur, sem borið sé á á hverju vori og sleginn 3—4 sinnum á sumri. Hinn hlutinn skal lagður eins og hlaupabrautir íþróttavalla eða þakinn áreyrarmöl eða lábarinni möl. Varast skal að nota fingerðan sand, leir eða mold, mararsalla, asfalt eða steypu. Leiksvæði skal girða, þó ekki með gaddavír.

27. gr.

Ákvæði um áhöld. Tæki til útileikja skulu vera í hverjum skóla, sem hér segir: 1) slá fyrir handgang, 2) tréveggur fyrir veggknattleiki, 3) stór og lítil knatttré, 4) 2—3 handknettir, 5) 2—3 fótknettir, stærðir samkv. aldri nemenda, 6) 2—4 körfuknettir, 7) málband og skeiðklukka, 8) hástökksútur með stökkrá eða sandpökasnúru, 9) skiði.

28. gr.

Áhöld til útileikja skal geyma í sérstökum skáp eða klefa, sem sé undir umsjón kennara eða sérstaks áhaldavarðar úr hópi nemenda. Á hverju vori skal yfirfara áhöld, gera við skemmdir og útvega ný, ef með þarf.

29. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. íþróttalögum nr. 49 frá 28. marz 1956 og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 20. ágúst 1964.

Gylfi P. Gíslason.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Ólafsfirði.

1. gr.

Bæjarstjórn hefur ein heimild til þess að leggja holræsi um Ólafsfjarðarkaupstað. Holræsagerð bæjarins er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þar sem bæjarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólþ frá húsinu út í aðalræsi og halda því við. Regnvatn af húsi og lóð skal einnig, að svo miklu leyti, sem unnt er, leitt í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórn tiltekur eða vatns- og hitaveitunefnd fyrir hennar hönd, skal verkið unnið á hans kostnað. Greiða skal kr. 500.00 í tengigjald.

3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi, skal hann skýra verkstjóra bæjarins eða þeim, sem vatns- og hitaveitunefnd felur umsjón með lagningu holræsa í þanum, frá því og fá samþykki þar til.

Lega, halli, stærð og gerð pípna, brunnar, vatnslása og yfir höfuð alls þess, sem skólplögninni innan og utan húss tilheyrir, skal ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjón með verkinu, og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, sem að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, Um- sjónarmaður getur krafizt uppdráttar, sem sýni glögglega alla tilhögun lagnarinnar.

4. gr.

Bæjarstjórn löggildir menn, sem teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá holræsum, bæði innan húss og utan. Þeir einir, sem bæjarstjórn löggildir til holræsalagn-ingar, skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá skólpræsum, sem standa í sambandi við holræsakerfi bæjarins.

5. gr.

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist af holræsagerðinni. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opið svæði, sem bærinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 15 af þúsundi af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en 350 kr. af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati, enda sé skólplögn að viðkomandi húseign eða húshluta. Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

6. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra manna samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati ef ágreiningur verður.

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 1. júní ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 1000.00 krónur, sem rennur í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lög-
reglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Ólafsfjarðar-
kaupstað nr. 112 15. júní 1945.

Félagsmálaráðuneytið, 1. september 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.